

Ed.

536. Frumvarp til laga

[255. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 1. gr. laga nr. 34/1980 orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en einni milljón króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

2. gr.

Lög um ráðherraábyrgð nr. 4/1963.

Í 1. mgr. 11. gr. laganna falli niður orðin „allt að kr. 50 000“.

3. gr.

Lög um kosningar til Alþingis nr. 52/1959.

A. Í 140. gr. falli niður orðin „frá 1 000—20 000 kr.“

B. Í 141. gr. falli niður orðin „frá 400—4 000 kr.“

C. Í 142. gr. falli niður orðin „2 000—20 000 króna.“

D. Í 143. gr. falli niður orðin „1 000—20 000 króna.“

4. gr.

Lög um sparisjóði nr. 69/1941.

Í 1. mgr. 29. gr. falli niður orðin „allt að 500 kr.“

5. gr.

Lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar nr. 45/1926.

8. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varðar sektum, auk þess má með dómi svipta mann rétti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann áður sætt sektum fyrir brot gegn lögum þessum. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928.

8. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi, eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

7. gr.

Lög um dýravernd nr. 21/1957.

Í 1. mgr. 18. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, falli niður orðin „allt að 10 þús. kr.“

8. gr.

Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim nr. 28/1940.

A. 3. gr., sbr. 2. gr. l. nr. 72/1954, orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum eða varðhaldi.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

B. 4. gr. laganna falli niður.

9. gr.

Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Í 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. gr. l. nr. 60/1980, falli niður orðin „allt að 6 millj. króna“.

10. gr.

Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7/1953.

A. 2. mgr. 4. gr. falli niður.

B. 7. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum.

11. gr.

Vegalög nr. 6/1977.

Í 85. gr. falli niður orðin „allt að 100 þúsund krónum“.

12. gr.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum nr. 83/1966.

Í 10. gr. falli niður orðin „frá 1 000—10 000 kr.“

13. gr.

Lög um leigubifreiðar nr. 36/1970.

Í 11. gr. falli niður orðin „frá 500—20 000 krónum“.

14. gr.

Lög um fjarskipti nr. 30/1941.

Í 1. tl. 27. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 krónum“.

15. gr.

Lög um skipulag ferðamála nr. 60/1976.

Í 37. gr. falli niður orðin „allt að 100 000,00 kr.“

16. gr.

Lög um brunavarnir og brunamál nr. 55/1969.

Í 34. gr. falli niður orðin „1 000—100 000 krónum“.

17. gr.

Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina nr. 1/1890, sbr. l. nr. 67/1919.

A. 1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Brot gegn samþykktunum varða sektum.

B. Niðurlag 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af brotamanninum, eða ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

C. 6. gr. orðist svo:

Með mál sem rísa út af brotum á samþykktunum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verslunarstöðum nr. 32/1924.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum samþykktanna varða sektum. Með mál sem rísa út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 8/1966.

10. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum.

20. gr.

Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma nr. 120/1947.

Í niðurlagi 1. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 kr.“

21. gr.

Skipulagslög nr. 19/1964.

A. Í 1. mgr. 36. gr. falli niður orðin „allt að 100 000 krónum.“

B. Í 2. mgr. 36. gr. breytist töluorðið „1 000“ í 5 000.

22. gr.

Lög um stofnun búnaðarmálasjóðs nr. 38/1945.

Í 5. gr. falli niður orðin „50—5 000 kr.“

23. gr.

Lög um innflutning búfjár nr. 74/1962.

Í 21. gr. falli niður orðin „1 000—100 000 krónum“.

24. gr.

Lög um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins nr. 11/1928.

A. Í 1. mgr. 6. gr. falli niður orðin „frá 100—10 000 krónum“.

B. Í 2. mgr. 6. gr., sbr. l. nr. 16/1952, falli niður orðin „500—50 000 kr.“

25. gr.

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra nr. 23/1956.

1. mgr. 46. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og skal mál út af þeim brotum fara að hætti opinberra mála.

26. gr.

Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. nr. 95/1981.

A. Í 1. mgr. 46. gr. breytist orðið „lögreglumál“ í mál og niður falli orðin frá „50—500 kr.“

B. Í 2. mgr. 46. gr. breytist töluorðin „1—100“ í 10—1 000.

27. gr.

Lög um vísindalega verráðun fiskimiða landgrunnins nr. 44/1948.

Í 3. gr., sbr. 2. gr. 1. nr. 45/1974, falli niður orðin „frá kr. 10 000,00 til kr. 1 000 000,00“.

28. gr.

Lög um róðrartíma fiskibáta nr. 47/1973.

Í 3. gr. falli niður orðin „frá kr. 5 000,00—50 000,00“.

29. gr.

Lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar nr. 62/1962.

Í 11. gr. falli niður orðin „allt að kr. 2 000 000,00“.

30. gr.

Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða nr. 17/1936.

A. 5. mgr. 3. gr. orðist svo:

Brot í samþykktum, sem settar verða skv. lögum þessum, varða sektum.

B. 6. mgr. 3. gr. orðist svo:

Með mál út af brotum á samþykktunum skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

Lög um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða nr. 3/1902.

A. 2. gr. orðist svo:

Brot gegn lögnum varða sektum. Heimilt er að beita eignarupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga. Mál út af brotum á lögnum sæta meðferð opinberra mála.

B. 3. gr. falli niður.

32. gr.

Lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum nr. 30/1966.

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum. Fara skal með mál út af brotum á þeim að hætti opinberra mála.

33. gr.

Lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 63/1979.

Í 2. mgr. 17. gr. falli niður orðin „allt að 15 millj. kr.“

34. gr.

Sjómannalög nr. 67/1963.

A. Í 74. gr. falli niður orðin „1 000—10 000 kr.“

B. Í 76. gr. falli niður orðin „1 000—10 000 króna“.

C. Í 78. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.

D. Í 81. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.

E. Í 84. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.

F. Í 86. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.

G. Í 88. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.

35. gr.

Lög um skipamælingar nr. 50/1970.

Í 16. gr. falli niður orðin „frá 2 000 til 20 000 kr.“

36. gr.

Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 69/1973.

Í 1. mgr. 29. gr. falli niður orðin „allt að kr. 100 000,00“.

37. gr.

Lög um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum nr. 72/1966.

Í 29. gr. falli niður orðin „frá kr. 1 000,00 til kr. 20 000,00“.

38. gr.

Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar nr. 56/1932.

A. 6. gr. orðist svo:

Brot á lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Ef um stórfellt brot er að ræða af hendi skipstjóra má ennfremur svipta hann réttindum til skipstjórnar með dómi.

Brot gegn lögum þessum og tilskipunum og reglum settum samkvæmt þeim sæta meðferð opinberra mála.

B. 7. gr. falli niður.

39. gr.

Lög um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháská og um ráðstafanir er skip rekast á nr. 13/1899.

Í 2. mgr. 1. gr. falli niður orðin „allt að 200 kr.“

40. gr.

Lög um leiðsögu skipa nr. 48/1933.

27. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

41. gr.

Lög um bann gegn jarðraski nr. 123/1940.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.

42. gr.

Hafnalög nr. 45/1973.

Í 27. gr. falli niður orðin „allt að 100 000,00 krónum“.

43. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum nr. 20/1973.

Í 1. mgr. 6. gr. falli niður orðin „frá 1 000,00 til 500 000,00 krónum“.

44. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það nr. 53/1973.

Í 1. mgr. 4. gr. falli niður orðin „frá 1 000,00 til 500 000,00 krónum“.

45. gr.

Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl. nr. 53/1963.

Í 27. gr. falli niður orðin „allt að 100 þús. kr.“

46. gr.

Lög um eyðingu refa og minka nr. 52/1957.

Í 1. mgr. 15. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 krónum“.

47. gr.

Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966.

A. 2. mgr. 17. gr. orðist svo:

Brot gegn löggiltri samþykkt varða sektum. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

B. 1. mgr. 37. gr. orðist svo:

Hver sá, sem sekur gerist um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftryðill, enda sé síðasttalda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Sama gildir um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, sem sekur hefur reynst um brot á lögnum.

C. 38. gr. orðist svo:

Ólögleg eggjataka varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftryðils, svo og æðaregg. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

D. 39. gr. orðist svo:

Brot á ákvæðum 29.—35. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggjaskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

E. 40. gr. orðist svo:

Eigi má maður hleypta af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, sem og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. gr. og 37.—39. gr., varða sektum, varðhaldi eða fangelsi.

F. 41. gr. falli niður.

48. gr.

Lög um fasteignasölu nr. 47/1938.

A. 11. gr. falli niður.

B. 12. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

49. gr.

Lög um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur) nr. 6/1926.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og skal fara með mál af þeim að hætti opinberra mála.

50. gr.

Lög um getraunir nr. 59/1972.

Í niðurlagi 10. gr. falli niður orðin „allt að 100 þús. kr.“

51. gr.

Lög um einkaleyfi nr. 12/1923.

A. 2. og 3. mál. 21. gr. orðist svo:

Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrétt, skal auk þess sæta sektum.

B. 1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Mál út af brotum á lögum þessum getur sá einn höfðað sem misgert er við.

52. gr.

Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903.

Í 23. gr. falli niður orðin „frá 5—500 kr.“

53. gr.

Lög um flugvallagjald nr. 8/1976.

Í 7. gr. laganna falli niður orðin „allt að 10 000 000 króna“.

54. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að stofni til samið af hegningarlaganefnd, sem skipuð er af dómsmálaráðherra til að endurskoða almenn hegningarlög. Dómsmálaráðuneytið hefur farið yfir það og breytt nokkrum atriðum og einnig borið það undir önnur ráðuneyti. Hafa verið felldar úr tillögum nefndarinnar nokkrar greinar en öðrum bætt við í samráði við viðkomandi ráðuneyti.

Frumvarpið fjallar um breytingu á sektamörkum í 50. gr. almennra hegningarlaga og auk þess um breytingu á sektamörkum í 52 öðrum lögum, sem hafa sektarrefsiákvæði að geyma, sérrefsilögum svonefndum. Í stöku grein frv. er einnig lagt til, að breytt sé ákvæðum um refsivist.

Refsiákvæði sérrefsilaga eru frá ýmsum tímum. Hafa þau ekki verið samræmd og er því síst að kynja, að þau séu sundurleit. Að vísu var gerð tilraun til þessa með lögum nr. 14/1948 um hækkun fésekta í eldri lögum til samræmis við vísitölu. Lög þessi virðast eigi hafa verulegt gildi nú á tímum. Í ýmsum lögum eru sektamörk svo lág, að það hamlar virkri refsivörslu. eru sektamörkin víða með öllu úrelt.

Hegningarlaganefnd hefir kannað ákvæði sérrefsilaga. Leiðir sú könnun í ljós, að um það bil 200 lög utan almennra hegningarlaga hafa refsíákvæði að geyma, þar sem tilgreind eru sektarrefsíákvæði í krónutölu og sum hver mörg ákvæði. Horfið hefir verið að því ráði með þessu frv. að leggja til breytingar á sektamörkum í þeim lögum, sem talið er brýnt að lagfæra í fyrsta áfanga. Á næstunni má svo vænta lagafrumvarps um breytingar á sektarrefsíákvæðum ýmissa annarra laga. Er raunar eðlilegt að kanna öðrum þræði, hvort ekki sé forsvaranlegt að leggja til afnám nokkurra refsíákvæða í lögum. Er það mikilvægt verkefni í ljósi þeirra strauma í refsirétti sem lúta að því að draga beri úr refsíákvæðum (dekriminalisering).

Frumvarp þetta fjallar efnislega í fyrsta lagi um breytingar á sektamörkum 50. gr. almennra hegningarlaga. Hámark sektar var 30 000 g.kr. samkv. lögnum. Hélt það allt til 1976, er sektamarkið var ákveðið 5 millj. g.kr., sbr. lög nr. 101/1976, en það var svo hækkað í 30 millj. g.kr. með lögum nr. 34/1980, er nú gilda. Sektahámark þetta þarf að breytast með tiltölulega stuttu millibili til samræmis við sveiflur í peningagildi. Hefir reynst torvelt að finna viðhlítandi „sektavísitölu“, sem tengja mætti sektaákvæðum laga, en hegningarlaganefnd hefir látið kanna færar leiðir í því efni. Er hér lagt til, að sektahámarkið verði fært upp í 1 millj. krónur.

Í öðru lagi fjallar frv. um breytingar á sektamörkum í 52 lögum utan almennra hegningarlaga. eru sektamörkin næsta mismunandi í þessum lögum, svo sem yfirlitið í fylgiskjali hér á eftir ber með sér. Þykir brotaminnst að leggja til í öllum greinum frv., að refsíákvæðin verði orðuð svo, að brot á viðkomandi lögum varði sektum án sérgreindra sektamarka. Ræðst hámark sektar þá af sektamörkum 50. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt því, sem kveðið er á um í þeirri grein. Þykir ekki varhugavert að leggja það á vald dómstóla að dæma sektir innan þeirra marka, og er raunar við dómvenjur að styðjast á ýmsum sviðum. Tekið skal fram, að þótt sektamörk séu hækkuð er ekki að því stefnt með frv., að sektaviðurlög er dæmd verði hækki almennt í reynd frá því sem nú er. Benda má á, að alltitt er einkum í síðari tíma löggjöf, að sú stefna sé valin, sem hér er brotið upp á, þ. e. að lög mæli svo, að brot á þeim varði sektum án tilgreiningar á hámarki, sbr. t. d. umferðarlög, áfengislög, tollskrárlög o. fl. Ef sektir eru greindar í sérrefsilögum án tilgreiningar á hámarki, verður ekki þörf á því til frambúðar að breyta sektamörkum í hverju einstöku sérrefsilagaákvæði vegna sveiflna í peningagildi. Dugir þá að breyta 50. gr. almennra hegningarlaga einni.

Í ýmsum þeirra laga sem hér eru lagðar til breytingar á eru ákvæði þess efnis að sektir samkvæmt lögnum renni í bæjarsjóð, sveitarsjóð, sýslusjóð eða jafnvel til uppljóstrarmanns

að hluta. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins er með frumvarpi þessu lagt til að slík ákvæði verði felld niður og sektir renni alfarið í ríkissjóð. Löggæzla er nú kostuð af ríkissjóði eingöngu en ekki sameiginlega af ríkissjóði og sveitarsjóðum eins og áður var. Telja verður því niður fallna forsendu þess að láta sektartekjur renna til sveitarfélags.

Frv. varðar ekki ákvæði sérrefsilaga, þar sem sektir eru ákveðnar miðað við gullkrónur.

Í þessu frv. hefir verið valin sú leið að steypa saman í eitt lagafrumvarp breytingum á 50. gr. almennra hegningarlaga og 52 sérrefsilögum. Var eins á þessu gripið í Danmörku fyrir nokkrum árum, er breytt var refsíákvæðum sérrefsilaga. Er það ólíkt einfaldara í sniðum en að flytja 53 lagafrumvörp.

Pá er í frv. lagt til í tveimur tilvikum að breytt verði upphæð dagsekta, í skipulagslögum þar sem dagsektarmörk eru hækkuð í 5000 kr. og í lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins þar sem þau eru hækkuð í kr. 10—1000 og er þá að sjálfsögðu átt við gjaldmiðil þann sem nú er notaður sem og í 1. gr. frv.

Rétt þykir til glöggvunar að taka upp í fylgiskjal texta lagagreina þeirra, sem hér er lagt til að breytt verði.

Fylgiskjal.

Skrá yfir lagagreinar

sem hafa að geyma sektarákvæði og lagt er til að breytt verði með frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarákvæðum nokkurra laga.

1. gr. frv.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980.

50. gr. Eigi má beita hærri fésekt en 30 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

2. gr. frv.

Lög um ráðherraábyrgð nr. 4/1963.

11. gr. 1. mgr. Brot gegn lögum þessum varða, eftir málavöxtum, embættismissi, sektum, allt að kr. 50 000,00, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

3. gr. frv.

Lög um kosningar til Alþingis nr. 52/1959.

140. gr. Það varðar sektum frá 1 000—20 000 kr., ef ekki liggur þyngrri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

141. gr. Það varðar sektum frá 400—4 000 kr.: — 1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur. — 2. Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum eða fyrir fleiri en einn stjórn mála flokk eða fyrir stjórn mála flokk og jafnframt sem utanflokkamaður. — 3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð. — 4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarstjórn (sbr. 69. og 91. gr.). — 5. Ef kjósandi

sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefur kosið (sbr. þó 88. gr.). — 6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið. — 7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu. — 8. Ef maður aðstoðar kjósenda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð. — 9. Ef kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæðinu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar á þeim tíma, sem atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína (sbr. 92. gr.). — 10. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefur verið trúað fyrir, eða tefur vísitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna. — 11. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar (sbr. þó 64. gr.). — 12. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 133. gr. 6. tölulíð, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum. — 13. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

142. gr. Það varðar 2 000—20 000 króna sekt, nema þyngri refsing liggir við eftir öðrum lögum: — 1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið, eða gefur vísitandi villandi kosningaleiðbeiningar. — 2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði. — 3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna samkvæmt 55. gr. eða atkvæðakassa samkvæmt 100. gr., tefur fyrir, að það komist til skila. — 4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. — 5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

143. gr. Það varðar 1 000—20 000 króna sekt, nema þyngri refsing liggir við eftir öðrum lögum: — 1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni. — 2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

4. gr. frv.

Lög um sparisjóði nr. 69/1941.

29. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 500 kr., nema þyngri hegning liggir við. Sektir allar renna í ríkissjóð. — Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögglumál.

5. gr. frv.

Lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar nr. 45/1926.

8. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 5—1 000 kr., er renna í sveitarsjóð; auk þess má með dómi svipta mann rétti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann þrisvar sinnum sætt sektum fyrir brot gegn lögum þessum. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögglumál.

6. gr. frv.

Lög um friðum Þingvalla nr. 59/1928.

8. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1 000 kr., eða einföldu fangelsi, allt að 3 mánuðum, ef miklar sakir eru, nema brot sé svo vaxið, að þyngri refsing liggir við að öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögglumála.

7. gr. frv.

Lög um dýravernd nr. 21/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968.

18. gr. Brot á lögum þessum eða á reglum eða reglugerð, sem sett er með stoð í þeim, varðar sektum allt að 10 þús. kr. eða varðhaldi allt að 1 ári. Ef brot er stórfellt eða ítrekað, má beita fangelsisrefsingu allt að 2 árum. — Brot dýralæknis á ákvæðum 14. gr. 1. málsg. varðar sektum. — Hlutdeild í brotum á lögum þessum og tilraun til brota er refsiverð, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

8. gr. frv.

Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim nr. 28/1940, sbr. lög nr. 72/1954.

3. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skal varða allt að 10 000,00 króna sekt.

4. gr. Fara skal með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar til sveitarsjóðs heimilissveitar hans.

9. gr. frv.

Lög um ávana- og fikniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980.

1. mgr. 5. gr. Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 6 millj. króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í sviksamlegum tilgangi launung á atriði, er máli skipta í þessu, eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Enn fremur skal sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávísun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.

10. gr. frv.

Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7/1953.

4. gr. Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað það slátur, sem sollið er, svo og hausa af höfuðsóttarkindum, það djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það. — Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 500 króna sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er upp ljóstrar, en sveitarsjóður hinn.

7. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum, er nemi 500—1 000 krónum. Sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

11. gr. frv.

Vegalög nr. 6/1977.

85. gr. Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögnum, varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

12. gr. frv.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum nr. 83/1966.

10. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000 til 10 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

13. gr. frv.

Lög um leigubifreiðar nr. 36/1970.

11. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 500—20 000 krónum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

14. gr. frv.

Lög um fjarskipti nr. 30/1941.

27. gr. 1. Brot gegn 2.—6. gr., 1. mgr. 14. gr. og 15. gr. varða sektum allt að 10 000 krónum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.

15. gr. frv.

Lög um skipulag ferðamála nr. 60/1976.

37. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 100 000,00 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með brot gegn lögnum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr. frv.

Lög um brunavarnir og brunamál nr. 55/1969.

34. gr. Brot á lögum þessum og reglugerð skv. þeim varða sektum 1000—100 000 krónum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

17. gr. frv.

Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina nr. 1/1890, sbr. l. nr. 67/1919.

5. gr. Brot gegn samþykktunum varða sektum, allt að 1000 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykkt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð. — Ef kenna má yfirsjón, er barn inna 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem börnum ganga í foreldrastráð, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina. — Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gera þetta, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af afbrotamanninum, eða ef hann er eigi fær um það, af bæjarsjóði.

6. gr. Mál, er rísa út af brotum á samþykktunum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar fyrir brot á þeim renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

18. gr. frv.

Lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verzlunarstöðum nr. 32/1924.

2. gr. Tiltaka má í samþykktinni sektir, allt að 200 krónum, fyrir brot á henni, og renna þær í hlutaðeigandi sveitarsjóð. — Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

19. gr. frv.

Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 8/1966.

10. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum kr. 200,00—20 000,00, er renni í ríkissjóð.

20. gr. frv.

Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma nr. 120/1947.

1. gr. Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með auglýsingu, hvenær skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skuli í síðasta lagi slitið. Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum allt að 10 000 kr.

21. gr. frv.

Skipulagslög nr. 19/1964.

36. gr. Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum allt að 100 000 krónum, sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála. — Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem honum er skylt að vinna samkvæmt lögum þessum, eða það er unnið á annan hátt en fyrir er mælt, getur skipulagsstjórn lagt fyrir hann að vinna það á tilskilinn hátt að viðlögðum allt að 1000 króna dagsektum, er renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með lögtaki.

22. gr. frv.

Lög um stofnun búnaðarmálasjóðs nr. 38/1945.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—5 000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

23. gr. frv.

Lög um innflutning búfjár nr. 74/1962.

21. gr. 1. mgr. 1. ml. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar varða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 1 000—10 000 krónum.

24. gr. frv.

Lög um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins nr. 11/1928, sbr. lög nr. 16/1952.

6. gr. Brot gegn 1., 2. og 5. gr., svo og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkvæmt 3. og 5. gr., varða sektum frá 100—10 000 krónum, fyrir skipstjóra þann, sem dýrin eða bannvörunar flutti inn, og jafnháum sektum fyrir eigandann, og skulu dýrin eða bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað, en bannvaran ónýtt að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir. Enn fremur bæti eigandinn allan skaða, er af þeim dýrum eða þeirri vöru hlýzt, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins. — Brot gegn öðrum ákvæðum laganna svo og reglugerðum og öðrum ákvæðum, sem sett varða samkvæmt þeim, varða 500—50 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta allt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans. — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. — Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

25. gr. frv.

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýming þeirra nr. 23/1956.

46. gr. 1. mgr. Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett varða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 50 000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

26. gr. frv.

Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. nr. 95/1981.

46. gr. Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 1—100 kr.

27. gr. frv.

Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins nr. 44/1948, sbr. 2. laga nr. 45/1974.

3. gr. Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 10 000,00 til kr. 1 000 000,00.

28. gr. frv.

Lög um róðrartíma fiskibáta nr. 47/1973.

3. gr. Brot gegn reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá kr. 5000,00—50 000,00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

29. gr. frv.

Lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar nr. 62/1962.

11. gr. 2. mgr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð opinberra mála og varða sektum allt að kr. 2 000 000,00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

30. gr. frv.

Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða nr. 17/1936.

3. gr. 5. og 6. mgr. Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 20—500 krónur, fyrir brot. Sektir allar renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

31. gr. frv.

Lög um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða nr. 3/1902.

2. gr. Brot gegn slíku banni varða sektum, 200—1000 kr., og liggja þó eigi þyngri hegning við að lögum; skinn og húðir skulu og upptæk og ónýtt á opinberan kostnað enda renni sektir í landssjóð.

3. gr. Mál út af téðum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

32. gr. frv.

Lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum nr. 30/1966.

14. gr. Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrir mæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og

flokkun, og varðar það sektum frá kr. 5000,00 til 100 000,00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50 000,00. Fara skal með mál út af brotum þessum að hætti opinberra mála. — Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

33. gr. frv.

Lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 63/1979.

17. gr. 2. mgr. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum allt að 15 millj. kr. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

34. gr. frv.

Sjómannalög nr. 67/1966.

74. gr. Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 61. gr. og í 1. málsg. 62. gr., eða refsivaldi sínu, eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, 1000—10 000 kr., varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggja við brotum samkvæmt öðrum lögum.

76. gr. Brjótí útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, þá varðar það 1000—10 000 króna sektum.

78. gr. Ef skipverji ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, er hann var skyldur að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi, þá varðar það 500—5000 króna sektum.

81. gr. Ef skipverji ris upp á móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, þá sætir hann 500—5000 króna sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

84. gr. Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 60. grein, og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, þá varðar það 500—5000 króna sektum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

86. gr. Hafi skipverji varning með sér á skip án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það 500—5000 króna sektum, varðhaldi eða fangelsi.

88. gr. Verði skipverji sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri háttsemi eða reglu, varðar það 500—5000 króna sektum.

35. gr. frv.

Lög um skipamælingar nr. 50/1970.

16. gr. Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem mæltar eru á hendur þeim í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 2000 til 20 000 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum.

36. gr. frv.

Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 69/1973.

29. gr. 1. mgr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000,00. Sektir renna í ríkissjóð.

37. gr. frv.

Lög um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum nr. 72/1966.

29. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 1000,00 til kr. 20 000,00, nema þyngri refsing liggir við eftir öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Sektir renna í ríkissjóð.

38. gr. frv.

Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar nr. 56/1932.

6. gr. Brot á 2. gr. varða sektum frá 50—500 kr. — Brot á 3. og 4. gr. þessara laga varða sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum. — Ef um stórkostlega yfirsjón er að ræða af hendi skipstjóra, má eftir atvikum enn fremur dæma af honum réttindi til skipstjórnar.

7. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

39. gr. frv.

Lög um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháaska og um ráðstafanir er skip rekast á nr. 13/1899.

1. gr. 2. mgr. Útgerðarmenn skipa, er eigi eru útbúin bendingatilfærum þeim, er skipað er fyrir um í slíkri tilskipun, sæta sektum, allt að 200 kr.

40. gr. frv.

Lög um leiðsögu skipa nr. 48/1933.

27. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum.

Fara skal með brot gegn lögum þessum sem almenn lögreglumál.

41. gr. frv.

Lög um bann gegn jarðraski nr. 123/1940.

3. gr. Brot gegn ákvæðum þessara laga, svo og banni, er sett kann að verða samkv. 2. málgr. 1. gr., varða sektum frá 20—5000 kr., sem renna í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

42. gr. frv.

Hafnalög nr. 45/1973.

27. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, allt að 100 000,00 krónum.

43. gr. frv.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum nr. 20/1973.

6. gr. 1. mgr. Brot gegn alþjóðasamningi þeim, er um ræðir í 1. gr., svo og á reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr., skulu varða sektum frá 1000,00 til 500 000,00 krónum, varðhaldi eða fangelsi eftir því, hve miklar sakir eru.

44. gr. frv.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það nr. 53/1973.

4. gr. 1. mgr. Brot gegn samningi þessum, svo og reglugerð þeirri, er sett kann að verða samkvæmt 3. gr., skulu varða sektum frá 1 000,00 til 500 000,00 krónum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

45. gr. frv.

Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl. nr. 53/1963.

27. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 þús. kr.

46. gr. frv.

Lög um eyðingu refa og minka nr. 52/1957.

15. gr. 1. mgr. Brot gegn lögum þessum eða reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stöð í þeim, varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

47. gr. frv.

Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966.

17. gr. 1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

2. Fyrir brot á löggiltri samþykkt má ákveða sektir, allt að 10 000 krónum, er renna í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

37. gr. 1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 500 til 15 000 krónum. Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 1500 til 25 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrdill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 2500 krónur. Sömu lágmarkssekt skal sá sæta, er gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynzt um brot á lögnum.

2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

38. gr. Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 250 til 10 000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 500 til 20 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrdils. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, svo og æðaréggja, skal vera 1500 krónur. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

39. gr. Brot á ákvæðum 29.—35. gr. varða sektum frá 250 til 25 000 krónum. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

40. gr. Eigi má maður hleypta af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. og 37.—39. gr., varða sektum frá 250 til 5000 krónum.

41. gr. 1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 37.—38. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna. 2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða.

48. gr. frv.

Lög um fasteignasölu nr. 47/1938.

11. gr. Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 300—5000 krónum, sem renna að hálfu í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð og að hálfu í ríkissjóð. — Sömu refsingu skal sá sæta, er annast sölu fasteignar eftir að hann hefir verið sviptur leyfi sínu, eða misst það á annan hátt.

12. gr. Verði fasteignasali sekur gegn öðrum ákvæðum þessara laga, skal hann, nema þyngri hegning liggir við að lögum, sæta sektum frá 100—2000 krónum.

49. gr. frv.

Lög um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur) nr. 6/1926.

3. gr. Brot gegn 1. gr. sæta sektum til ríkissjóðs, 50—2000 kr., en brot gegn 2. gr. 500—5000 kr., og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

50. gr. frv.

Lög um getraunir nr. 59/1972.

10. gr. Öllum öðrum en Íslenskum getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga. Ennfremur er óheimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni. Brot á þessum ákvæðum varða sektum allt að 100 þús. kr., sem greiðist í íþróttasjóð.

51. gr. frv.

Lög um einkaleyfi nr. 12/1923.

21. gr. Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrétt, skal auk þess sæta sektum allt að 2000 kr. fyrir fyrsta brot, og ef brotið er ítrekað, allt að 4000 kr. eða fangelsi. Sektirnar renna í ríkissjóð.

22. gr. 1. mgr. Mál, sem höfðuð eru í því skyni að koma fram hegningu eftir 21. gr., skulu rekin sem einkalögreglumál.

52. gr. frv.

Lög um verzlanskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903.

23. gr. Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr., eða vanrækir að gera einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hér að framan, eða vanrækir að gera nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefir verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5—500 kr. Sektirnar renna í landssjóð.

53. gr. frv.

Lög um flugvallagjald nr. 8/1976.

7. gr. Brot gegn lögum þessum eða reglugerð, sem ráðherra kann að setja um nánari framkvæmd laganna, varða sektum, allt að 10 000 000 króna, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum, svo og sviptingu starfsleyfis.